201 Smári - íbúðir



ÍAV annast stýriverktöku íbúðabygginga í nýju hverfi sunnan við Smáralind í Kópavogi, sem ber nafnið 201 Smári. Heildarstærð hverfisins nær yfir 650 íbúðir en ÍAV hefur séð um byggingu á 215 íbúðum, ásamt bílageymslum, gatnagerð og veitulögnum. Umsvif ÍAV afmarkast af þremur byggingarreitum hverfisins. Byggingarnar eru staðsteyptar en forsteyptar einingar eru t.d. notaðar í milliplötur, svalir og í bílageymslu. Utanhúsklæðningar eru úr sementstrefjaplötum og álklæðningu.

Íbúðir eru fullfrágengnar með innréttingum, gólfefnum og tækjum. Afhending fyrstu íbúða er áætluð í lok september 2018. Íbúðirnar verða svo afhentar með reglulegu millibili út verktímann, eftir því sem verkefninu miðar fram. Einnig er yfirborð lóðar fullfrágengið og gróðursett. Síðasta sumar veitti Kópavogsbær verðlaun fyrir lóðarfrágang á fyrsta byggingarreit.



Helstu magntölur
Rúmlega 650 íbúðir
magntölur fyrir allt verkið liggja ekki fyrir

Verkkaupi
BJARG íbúðafélag hses
Raflagnahönnun
Mannvit
Verk hefst
16. febrúar 2018
Eftirlit
ÍAV

Arkitektar
Yrki arkitektar
Burðarþol og lagnir
Mannvit
Verklok
30. júní 2020

Íslenskir aðalverktakar hf.
Höfðabakka 9
IS 110 Reykjavík

Tel. +354 530 4200
Fax. +354 530 4205
iav@iav.is

www.iav.is